

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar

Grænaborg

2018 – 2019



Leiðarljós skóla og frístundasviðs:

Að öll börn og ungmenni í borginni eigi kost á menntun og leik við sitt hæfi, þar sem ýtt er undir sköpun og frumkvæði og byggt er á styrkleikum, áhuga og færni hvers og eins. Þeim líði vel, fari stöðugt fram og öðlist uppeldi og menntun sem nýtist þeim í lífinu.

Hlutverk

Veita börnum og ungmennum bestu mögulegu tækifæri til leiks, menntunar og frístundastarfs í samvinnu við fjölskyldur og nærsamfélagið.
Vera framsækið forystuafli í skóla- og frístundastarfi.

EFNISYFIRLIT

Um starfsáætlanir leikskóla	1
Stutt greinargerð leikskólastjóra um starfið á síðasta ári	3
Innra mat í leikskólum	5
Stutt greinargerð deildarstjóra Dropadeildar um starfið á síðasta ári	8
Stutt greinargerð deildarstjóra Mánadeildar um starfið á síðasta ári	9
Stutt greinargerð deildarstjóra Stjörnudeildar um starfið á síðasta ári	11
Stutt greinargerð deildarstjóra Sólskinsdeildar um starfið á síðasta ári	14
Ytra mat	16
Stutt greinargerð sérkennslustjóra um starfið á síðasta ári	20
Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku	22
Starfsþróunarsamtöl og fræðsla	23
Foreldrasamvinna	24
Samstarf leik- og grunnskóla	24
Skipulagsdagar	25
Fylgigögn	26



UM STARFSÁÆTLANIR LEIKSKÓLA

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en skóla- og frístundaráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, skipulag, leiðir að markmiðunum og hlutverk starfsfólks.
- Áætlun um hvernig markmiðin verða metin og hvernig og hvort þeim hefur verið náð.
- Áherslur í starfsáætlun skóla- og frístundasviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir árið.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlun er leiðarvísir starfsins og því er mikilvægt að skil séu á réttum tíma svo nýta megi hana í starfi leikskólans yfir veturinn. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

Leiðarljós leikskólans: Í leikskólanum Græ nuborg er lögð áhersla á að skapa góðar og öruggar leik- og námsaðstæður þar sem öllum líður vel í. Gildi leikskólans eru í hávegum höfð í öllu starfinu, virðing - gleði – vinsemd – umhyggja.

STUTT GREINARGERÐ LEIKSKÓLASTJÓRA UM STARFIÐ Á SÍÐASTA ÁRI

Skólaárið 2017 – 2018 einkenndist af gleði og leik, líkt og önnur leikskólaár í Græ nuborg.

Sumarið 2017 var sótt um fækkun í barnahópnum úr 84 í 79. Var veitt leyfi til þess. Hefur fjöldi barna verið frá 77 – 79 yfir veturinn. 1. desember 2017 voru 77 börn í leikskólanum, 40 stúlkur og 37 drengir. Flest barnanna voru í 8 stunda vistun eða 34 börn, 25 börn voru í 8,5 stunda vistun, 14 börn voru í 9 stunda vistun og 4 börn voru í 7 – 7,5 tíma vistun. Börnin hafa, líkt og önnur ár, fengist við ýmis skemmtileg verkefni, eftir aldri, þroska og árstíma.

1. desember 2017 störfuðu 19 manns í Græ nuborg í rúmlega 16 stöðugildum auk sérkennslu, en gert var ráð fyrir tæplega 16 stöðugildum þá. Sextán voru í 100% starfi, aðrir í 56 – 94% eða tímavinnu.

Deildar- og deildastjórafundir voru á dagskrá hálfsmánaðarlega, en því miður þurfti af og til að fella þá niður vegna veikinda eða annarra forfalla starfsfólks eða ferða/viðburða í skólanum.. Starfsmannafundir voru haldnir á starfsdögum.

Leikskólanum var lokað í sjö skipti vegna starfsdaga. Fimm þeirra voru heilir dagar en aðrir dagar voru hálfir, þá var lokað eftir hádegi. Starfsdagarnir voru nýttir í ýmis skipulagsmál, ýmist innan skólans alls eða innan deilda. Fyrirlesarar komu á starfsdaga og fræddu starfsfólk um líkamsvirðingu og útlitsdýrkun annarsvegar og hinsvegar um hinsegin skólastarf. Á starfsdegi var líka skyndihjálparnámskeið fyrir allt starfsfólk skólans. Starfsdagarnir voru einnig nýttir fyrir starfmanna- og deildarfundir, unnið var með grunnþætti menntunnar og námssvið leikskóla, hugað var að leikefni skólans, innra starf skoðað, bókasafn skólans endurflokkað og raðað og margt fleira gert.

Foreldrum var boðið nokkrum sinnum í heimsókn í leikskólann, til dæmis á foreldrafund að hausti, í piparkökukaffi fyrir jólin, í páskaeggjaleit í dymbilvikunni, á opið hús í maí og fengu boð um að koma með í sveitaferð ef þau hefðu tækifæri til. Almennt er mikil þátttaka foreldra á þessum dögum.

Fyrir utan hefðbundið starf leikskólans má meðal annars nefna að haldið var þorablót í salnum í janúar, boðið upp á leiksýningu í desember, farið í leikhús í september, nóvember og í apríl, farið á tónleika hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands, börn héldu tónleika í salnum í desember, farið á kaffihús í desember, Krakkahestar komu með hesta í heimsókn þannig að öll börn í leikskólanum fengu tækifæri til að fara á hestbak í garðinum, á degi leikskólans var búin til keðja til að faðma leikskólann, farið var í sveitaferð, fyrsta föstudag í hverjum mánuði var eitthvað sérstakt þema – t.d.

leikfangadagur, mislitir sokkar dagur, búningadagur og margt fleira. Vinaleikskólinn okkar í Mosfellsbæ, Hlaðhamrar, komu í heimsókn með elstu börnin. Auk þess voru börnin á elstu deild skólans voru í samstarfi við Vinabæ, dagdeild fyrir aldraða á Vitatorgi. Þau heimsóttu staðinn nokkrum sinnum yfir veturinn, þar sem þau sungu fyrir og með eldri borgurunum þar, léku sér með þeim og spjölluðu.

Vinna með skráningar gekk vel, hún var slípuð til og samræmd á milli deilda. Haldið var áfram við að rýna leikefni skólans, hvað var orðið úrelt eða lítið notað, að hve miklu leyti er það aðgengilegt börnunum þannig að þau geti á sem auðveldasta hátt valið þann efnivið sem þau hafa áhuga á á hverjum tíma. Áfram var reynt að versla í Góða hirðinum, vegna þess að ekki er mikið fjármagn til að versla nýtt leikefni, og auk þess komu foreldrar oft færandi hendi með bækur, púsl og annað leikefni sem hætt var að nota á heimili þeirra. Kunnum við þeim bestu þakkir fyrir það. Bókasafn skólans var tekið í gegn, það rýnt – og því endurraðað og skipulagt upp á nýtt. Flæði, sem farið var af stað með þar seinasta skólaári, var metið og í ljós kom mikil ánægja með það. Rætt var um að fjölga skiptunum sem flæði væri, en ákveðið var að halda fjölda skipta óbreyttum. Hugað hefur verið mikið að kynjaðri umræðu í skólanum og allt gert til að draga úr henni. Það hefur gengið mjög vel og allir vel meðvitaðir um mikilvægi þess.

Á þar seinasta skólaári var gefin út ný námskrár fyrir leikskólann, gefin var út ný Foreldrahandbók, gerð ný starfsmannastefna og umhverfisstefna, auk þess vinnuverndarstefna, unnið var að móttökuáætlun fyrir nýtt starfsfólk. Á seinasta skólaári hefur verið unnið að kynningu á þessu útgefna efni og innleiðingu á því. Innihald ferilmöppu barnanna endurskoðuð og samræmd og hefur sú vinna gengið vel.

Unnið var að endurbótum á húsnæðinu. Loftið í skólanum var endurbætt í sumarlokun seinasta árs. Skipt var út striga sem var orðinn morkinn og rykugur og nýtt efni sett í loftin. Hluti skólans var málaður.

Garðurinn var tekinn í gegn að hluta til sumarið 2017, það var gert til að bæta öryggi í garðinum miðað við núverandi staðal þar um. Það var Barnavinafélagið Sumargjöf sem stóð að því og borgaði þær viðgerðir.

Sett var upp hvíldaraðstaða fyrir starfsmenn, kallast Músarholan. Í litlu lokuðu rými var settur upp stóll með nuddpúðum, teppi og heyrnartólum og settar voru upp gardínur. Herbergi fyrir starfsfólk að loka sig af og slaka á.

Það voru tveir nemar í Grænuborg frá Social- og Sundhedsskolen í Esbjerg. Þeir voru á Sólskinsdeild í júní 2018. Auk þess voru einn nemi frá Frakklandi í skólanum, á Sólskinsdeild, í þrjár vikur í október og nóvember 2017.

Í maí tók Matartíminn (Sölufélag garðyrkjumanna) við rekstri eldhússins. Það var gert vegna þessa að Reykjavíkurborg fór af stað með útboð um útvistun á eldhúsi í leikskólum. Sú breyting gekk vel fyrir sig, starfsmaður ISS sem verið hafði í Grænuborg alla daga, fékk ráðningu hjá Matartímanum og hélt því áfram að sinna eldhúsi Grænuborgar.

Við þessar breytingar datt út umsjón eldhússins með þvottahúsi leikskólans. Þvotturinn er núna sóttur tvisvar í viku af Fönn – þau taka þvottinn og skila honum til baka sambanbrotnum í poka. Ekki hefur verið gengið frá því hjá borginni hver það er sem tekur við þvottinum og gengur frá honum og sjái til þess að alltaf sé til það sem þarf að vera til af hreinum þvotti.

Þó nokkur hreyting hefur verð á starfsmannahópnum í vetur, því miður. Tveir starfsmenn hættu um áramótin, einn starfsmaður hætti í lok janúar og einn deildarstjóri hætti í lok febrúar. Þetta voru starfsmenn með langan starfsaldur. Auk þess fór einn deildarstjóri í veikindaleyfi frá 1. janúar í óákveðin tíma. Þessar stöður þurfti að manna og gefa nýju starfsfólki tíma til að læra inn á starfið. Þetta markaði starfið um miðjan vetur svolítið, en jafnaði sig þegar líða fór á veturinn.

Því miður þurfti að loka deildum vegna skorts á starfsfólki alls fjórum sinnum á skólaárinu kl. 11.30 eða kl. 12. 30, hver deild í skólanum lokaði því hálfan dag á skólaárinu. Þegar þetta var gert vantaði um það 35 – 45% starfsmanna vegna veikinda þeirra eigin eða barnanna þeirra, sumarleyfa eða annars.

INNRA MAT Í LEIKSKÓLUM

Innra mat á leikskólastarfinu er í gangi allan tímann. Matið tekur mið af aðalnámskrá, skálanámskrá og starfsáætlun. Í Aðalnámskrá leikskóla frá 2011 segir að „innra mat á að vera samofið daglegu starfi leikskólans, efla þekkingu, hæfni og ígrundun á starfinu, auka vitund starfsfólks um ábyrgð þess á starsemi leikskólans.“ Einnig er talað um að matið skuli vera lýðræðsilegt, með aðkomu allra í leikskólasamfélaginu. Mat á starfi Grænuborgar fer bæði fram með formlegum og óformlegum hætti. Matið flettist inni í starfið í skólanum, fer fram á fundartímum starfsmanna í leikskólans, í hópumræðum með börnunum, með mælitækjum og skráningum.

Á skólaárinu var rýnt í og metið:

- ✓ *Vinnu samkvæmt fjölgreindum, á starfsdegi – á formlegan hátt – hver deild vann í hóp og skráði niður hvort og hvernig unnið var með fjölgreindir á viðkomandi deild*

- ✓ Vinna samkvæmt læsistefnu skólans, á starfsdegi – á formlegan hátt – hver deild vann í hóp og skráði hvort og hvernig unnið var með læsistefnuna á viðkomandi deild
- ✓ Námsfni skólans, unnið allt skólaárið – leikefni vegið og metið – hvernig er aðgengi barnanna að því, til hvers er það, er það uppbyggilegt, má taka það út og hverju má bæta við?
- ✓ Bókakost skólans, unnið allt skólaárið – eru bækurnar allar við hæfi t.d. miðað við kynjaða umræðu, hvernig eru bækur flokkaðar og hvernig er aðgengi barnanna að þeim?
- ✓ Leikur og leiktími barnanna var skoðaður, skoðað allt skólaárið – er leiktími barnann kennarastýrður eða á forsendum barnanna, er of stíf dagskrá í dagskipulaginu þannig að börnin hafi ekki nægilegan tíma fyrir frjálsa leikinn?
- ✓ Náms og velferð barna metin – með formlegum hætti – með skráningu, fyrirlögnum á Tras, Hljóm2, EF12 og Málhljóðamælinum
- ✓ Innra mat á Sólskinsdeild, unnið af börnunum á deildinni í apríl 2018 – hópur barna hittust ásamt kennara og rýndu í deildina og svæði skólans með umræðu, spurningalista og myndum – hvað er gaman og skemmtilegast, hvað er erfiðast og hverju viljum við bæta við á næsta ári?
- ✓ Gátlisti fyrir leikskólakennara um vinnuumhverfið, gátlisti frá KÍ – á starfsdegi – á formlegan hátt – hver deild vann í hóp og spjallaði um hvert atriði á gátlistanum

Börnin tóku þátt í formlegu mati á deild, starfsfólk tók þátt í formlegu og óformlegu mati og hlustað var á raddir foreldra barnanna.

Helstu niðurstöður innra matsins:

Mismikil þekking er meðal starfsmanna um fjölgreindir og hvernig og hvort verið sé að nota þær formlega og ígrundað í starfinu. Flestar deildir voru að styðjast við stefnuna í skipulagningu á starfi og efnivið á deildum. Markmiðið er að gefa öllum börnum tækifæri til að læra í gegnum sínar sterku hliðar. Umbætur vegna þessa á næsta skólaári er að kynna og undirstrika þessa stefnu skólans. Það mun vera í höndum stjórnenda skólans að halda utanum þessar umbætur. Viðmið um árangur af nýju mati vorið 2019 er betri þekking allra á því hvernig Grænaborg vinnur með fjölgreindirnar.

Nokkuð góð þekking var á meðal starfsmanna á læsistefnu skólans og voru flestir meðvitaðir um hana og unnu samkvæmt henni. En samt voru ekki allir samtaka um notkunina, þannig að á næsta skólaári verða umbætur þær að læsisstefnan verður rýnd og farið í gegnum hana á fundum skólans til að samræma vinnu eftir henni á milli deilda og kynna hana enn frekar. Markmiðið með læsistefnu skólans er að leggja áhersla á að barnið efli þá grunnfærni sem er mikilvæg fyrir lestrarnám. Metið aftur að vori, viðmið um árangur er meiri samstilling á vinnu samkvæmt stefnunni og betri almenn þekking á henni.

Leikefnið vegið og metið. Bækur rýndar, vegnar og metnar. Í ljós kom að ýmis efniviður var úr sér genginn og bækur ekki í takt við tímann. Ekki hefur gefist tækifæri til að endurnýja efniviðinn, ekki er gert ráð fyrir því í fjárhagsáætlun skólans og það sama á við um bókakostinn, þannig að úrbæturnar hafa falist í því að losa skólann við óheppilegan og úrsérgengin efnivið en ekki bætt inn í götin (þó

hefur verið farið í Góða hirðinn og gafir þegar svo langt sem það nær). Markmiðið með þessari vinnu er að hafa efnivið og bækur í takt við tímann og sem hvetja börnin áfram í leit að þekkingu og ánægju. Áframhaldandi vinna á næsta skólaári.

Tími barnanna fyrir sjálfsprottinn leik þar sem þau ákveða sjá hvað þau vilja fást við á hverjum tíma og er ekki kennarastýrður. Það hefur verið skoðað gegnum gangandi í skólastarfinu undanfarið og hefur miðast að því að efla sjálfsákvörðun, sjálfstæði og frumkvæði barnanna, hvetja þau áfram í því að lesa í umhverfið og nýta sér þann efnivið sem til er. Þetta hefur gengið mjög vel á árinu og er innleiðing á þessu komin vel á veg, t.d. með því að lesa í efniviðinn í skólanum, taka út óviðeigandi efnivið og breyta leikrými deildanna. Þessi þáttur verður áfram á umbótaáætlun skólans og metinn jafnóðum t.d. með því að skoða leikinn, rýmið, gera kannanir á meðal barnanna og auka kostinn svo alltaf sé til efniviður fyrir öll börn – fjölbreyttur og hvetjandi efniviður. Umbætur eru á ábyrgð alls starfsfólks skólans og viðmið um árangur er almennt framúrskarandi efniviður.

Nám og velferð barnanna (þó ekki allra) hefur verið metið með því að gera skráningar á vinnu þeirra, lögð fyrir þau EF12, Hljóm2, Tras2 og Málhljóðamælirinn. Það hefur verið liður í því að sjá hvar þau eru stödd og hvort að þurfi að aðstoða þau í auknum þroska. Þetta er á ábyrgð deildarstjóra og sérkennslustóra. Þetta hefur gengið vel og mun halda áfram með líkum hætti á næsta skólaári. Viðmið um árangur er að mælitæki séu fyllilega nýtt.

Innra mat barna á Sólskindeild, á deildinni og svæðum skólans. Börnin höfðu góða sýn á deildinni og áttu öll sinn uppáhaldsstað eða stund. Börnin fengu myndir af svæðum skólans og ræddu tilgang þeirra, kosti og galla. Kennari spurði þau spurninga um starfið í leikskólanum, skráði svörin og hljóðritaði. Börnunum var skipt í fjóra hópa. Svör barnanna voru á þá leið að hvert barn átti sín uppáhalds viðfangsefni og uppáhaldsstað í skólanum og voru áhugasöm um leikinn. Sumum fannst það leiðinlegast sem öðrum fannst skemmtilegast og þau höfðu lært margt á deildinni. Yngri börnin voru beðin um að nefna það sem þau vildu bæta við næsta vetur. Útkoman úr því var að læra að vera vísindamaður, læra að vera njósnari, æfa ballett, æfa ofurhetjur og að horfa á bíómyndir í sjónvarpinu. Starfsfólk deildar mun vinna að því að verða við þessu á einhvern hátt á komandi vetri t.d. að bæta við meiri vísindavinnu í deildarstarfið og að setja orð á hlutina sem verið er að gera nú þegar á því sviði. Viðmið um árangur verður áfram ánægð börn sem líður vel á deildinni sem eiga vini og finna viðfangsefni sem þau hafa gaman af.

Gátlisti fyrir leikskólakennara um vinnuumhverfi frá KÍ – allt starfsfólk tók þátt í þessu innra mati í hópumræðum á hverri deild. Flest í starfsumhverfinu kom vel út en þó er þörf á að bæta ýmislegt t.d. inniloftið, með því að muna eftir því að hafa glugga opna, huga að upplýsingafæði sem sumum finnst vanta upp á – þarf að fá þá til að láta vita ef þeir eru ekki að fá upplýsingar sem eiga að berast á milli

allra. Ábyrði hvers og eins að leita eftir upplýsingum, hafa umræðuna opna. Barnahóparnir eru of stórir, það þarf að fækka um það bil 2 börn í hverjum hóp. Margt fleira þarf að bæta og verða þessir þættir rýndir á starfmannafundum haustið 2018. Sumt er á ábyrgð stjórnenda skólans en annað á ábyrgð hvers starfsmanns fyrir sig. Viðmið um árangur er að þarna verða færri hlutir sem eru neikvæðir í vinnuumhverfi leikskólans.

Á komandi skólaári verðir auk þess farið í að skoða upplýsingatækni í skólastarfi t.d. með því að fá námskeið um efnið á starfsdegi, kaupa fleiri ípada, heyrnartól, sækja fleiri öpp sem hæfa leiksólastarfi og nálgast búnað sem lánaður er út í leikskólanna. Þetta verður á ábyrgð stjórnendateymis skólans. Og verður metið að vori og viðmið um árangur er samtaka álit kennara skólans um að upplýsingatæknin sé að skila viðunandi árangri í námi og velferð barnanna. Metið að vori á fundum.

STUTT GREINARGERÐ DEILDARSTJÓRA DROPAEILDAR UM STARFIÐ Á SÍÐASTA ÁRI

Haustið 2017 voru 14 börn á Dropadeild, 12 börn fædd árið 2015 (8 stúlkur og 4 drengir) og 2 börn fædd 2016 (stúlka og drengur). Í janúar var einn drengur fæddur 2015 fluttur yfir á Mánadeild og tvö ný börn byrjuðu á Dropadeild sem eru fædd 2016, stúlka og drengur. Elsta barnið er fætt í mars 2015 og það yngsta í nóvember 2016.

Deildarstarfsfólk á haustönn sem voru í 100% starfi deildarstjóri, leikskólaleiðbeinandi B og leikskólaleiðbeinandi A auk þess starfsmaður 2 í 66% starfi. Tveir starfsmenn hættu um áramót. Þá komu inn leikskólaleiðbeinandi A og starfsmaður 2, sem störfuðu á deildinni fram á sumar.

Aðaláhersla vetrarins hefur verið nærvera starfsfólks í barnahópnum, að vera alltaf til taks þegar á þarf að halda. Við höfum lagt áherslu á að leiðbeina börnunum þegar upp koma ágreiningsefni og skapa öruggt og gott umhverfi.

Í vetur gekk okkur ágætlega að komast upp á lagið með skráningar á námi barnanna. Það er að koma mynd á hvernig við viljum hafa fyrirkomulagið á þessu og við höfum fundið að mestu út hvernig gott er að haga málum.

Það hefur ekki veitt af fjórða starfsmanninum á Dropadeild þennan veturinn og held ég að það sé bara alltaf nauðsynlegt, burtséð frá því hvort börnin verði fjórtán eða sextán. Það þarf margar hendur til að sinna svona ungum börnum og með mikilli nærveru nær maður að skapa öryggi í barnahópnum.

Innra mat fór fram á efnivið á deildinni, skipulögðum stundum, stundir þegar börnin fara út eða koma inn. Matið var unnið á fundum deildarinnar.

Efniviður á deildum:

- ✓ *Markmið: að hafa efnivið sem hæfir aldri deildar og vera alltaf með efnivið við hæfi fyrri leik og nám. Minnka keypt leikföng og bæta við opnum efnivið sem örvar ímyndunarafli, eykur þroska, vinnur með fínhyrðingar o.fl.*
- ✓ *Aðgerðir til úrbóta: safna að okkur endurnýttum hlutum og kaupa áhugaverðan efnivið sem að við höldum að geti nýst börnunum.*
- ✓ *Tímaáætlun: hefst vor 2018, safna efnivið áfram um ókomna tíð.*
- ✓ *Ábyrgðaraðili: deildarstjóri*
- ✓ *Endurmat: endurmat jafnóðum á fundum og samtölum, með því að skoða leik barnanna.*
- ✓ *Viðmið um árangur: ánægð börn sem kalla eftir leiknum.*

Skipulagðar stundir:

- ✓ *Markmið: að hafa fleiri skipulagðar stundir fyrir börnin s.s. tónlist, hreyfistundir o.s.frv.*
- ✓ *Aðgerðir til úrbóta: með því að skipuleggja fyrirfram hvað á að gera og halda sig svo við það skipulag.*
- ✓ *Tímasetning: hefst í upphafi næsta skólaárs*
- ✓ *Ábyrgðaraðili: Deildarstjóri*
- ✓ *Endurmat: Endurmat: endurmat jafnóðum á fundum og samtölum, með því að skoða leik barnanna.*
- ✓ *Viðmið um árangur: ánægð börn sem kalla eftir leiknum.*

Fara út / koma inn:

- ✓ *Markmið: bæta þarf skipulag þegar verið er að klæða börn út í útiveru og koma þeim inn fyrir hádegismat*
- ✓ *Aðgerðir til úrbóta: Við framkvæmum það með því að hafa skýr fyrirmæli um hvað hver starfsmaður á að gera og sjá til þess að allir starfsmenn séu á staðnum þegar þetta fer fram.*
- ✓ *Tímaáætlun: hefst vor 2018 og heldur áfram*
- ✓ *Ábyrgðaraðili: allt starfsfólk deildar*
- ✓ *Endurmat: fer fram jafnóðum*
- ✓ *Viðmið um árangur: minna álag í fataklefa fyrir börn og starfsfólk, meiri tími með hverju barni*

STUTT GREINARGERÐ DEILDARSTJÓRA MÁNADEILDAR UM STARFIÐ Á SÍÐASTA ÁRI

Það voru 17 börn á deildinni fædd 2014 til 2015. 6 strákar og 11 stelpur. 11 börn fædd 2014 og 6 börn fædd 2015. Febrúar 2018 voru börn flutt á milli deilda og fór einn strákur af Mánaeild fæddur 2014 á Stjörnudeild og í staðinn kom strákur af Dropadeild fæddur 2015 til okkar. Elstu börnin voru góð fyrirmynd fyrir þau sem voru yngri, þau voru mjög sjálfstæði og lærðu mikið yfir skólaárið.

Það var þó nokkuð um starfsmannabreytingar þetta skóla ár. Einn starfsmaður kom á Mánaeild af Stjörnudeild ágúst 2017. Deildarstjóri hætti sem í lok janúar, nýr deildarstjóri tók við í byrjun febrúar og nýr starfsmaður kom inn fyrir þann sem tók við deildarstjórninni. Hver starfsmaður bar ábyrgð á sér verkefnum t.d. sá einn mest um alla skráningu, annar um listasmiðju og enn annar um tónlist og Instagram.

Megináherslur vetrarins var að skapa gott og öruggt umhverfi fyrir bæði börn og starfsmenn Mánadeildar. Lögð var mikla áhersla á að efla sjálfstæði barnanna. Að þau gætu klætt sig sjálf í og úr í fataklefanum, skammtað sér sjálf á disk og gengið frá eftir matinn, að þau gætu smurt sjálf og helt í glös í kaffitímanum. Einnig að þau gæti fundið sér sjálf verkefni inn á deild og unnið við það í nokkurn tíma í senn og gengið svo frá eftir sig áður en þau völdu sér ný verkefni. Þetta verkefni gekk mjög vel og eru börnin mjög sjálfstæð og dugleg. Samverustundir gengu að mestu leyti vel en tekin var ákvörðun að skipta hópnum í 2 hópa í samveru fyrir kaffitímann þar sem hópurinn hefur misjafnan áhuga á að sitja og hlusta á sögur eða syngja. Einnig gekk betur með samveru þegar fastir starfsmenn sá um hana heldur en afleysing. Farið var í nokkrar ferðir þegar líða fór á seinni önn sem gengu vonum framár.

Yfir veturinn komu upp álagspættir sem starfsfólkið leysti með frábærum lausnum, má þá nefna breytir kaffitímar hjá starfsfólki og tvískiptar samverustundir. Í sambandi við það mun húsnæði skólans vera nýtt betur á komandi ár.

Mjög margt í starfinu gekk vel þennan skólavetur og búum við að reynslu og þekkingu sem mun nýtast okkur í starfi, og þegar á heildina er litið má segja að starfsárið hafi verið nokkuð gott, þrátt fyrir ýmsa álagspætti. En það vakna líka spurningar um það hvað mætti gera betur eða öðruvísi. Við sumt verður ekki ráðið en næsta vetur langar okkur að byggja ofan á reynslu þessarar vetrar með því að vinna markvisst starf með skráningar, læsistefnu, skipulagt hópastarf og samverustundir sem hafa fyrirfram ákveðin markmið. Við ætlum að skoða hvað við gerðum vel í vetur hverju við höldum áfram og skoða hvar og hvernig finnum við tíma og mannskap til þess að sinna t.d. skráningu, skipulagi starfs og útfærslu á því. Það er ekki hægt að skipuleggja mikið starf fyrr en við sjáum hvernig barnahópurinn verður í haust og áttum okkur á hversu umfangsmikil vinna verður við að halda börnum öruggum og ánægðum, en hér eru nokkrar hugmyndir sem ég hef sem við getum haft til hliðsjónar þegar við skipuleggjum næsta skólaár.

- ✓ Dreifa verkefnum og ábyrgð á allt starfsfólk, strax í upphafi skólaárs
- ✓ Athuga kaffitíma og vinnutíma starfsfólks, er hægt að hagræða þar
- ✓ Öflugt upplýsingaflæði til starfsfólks og foreldra
- ✓ Byrja með möppu fyrir hvert barn í tölvu fyrir persónuskráningu sem lið í mati á námi og velferð barnanna
- ✓ Hafa skipulagt starf í föstum skorðum halda okkur við skipulagið en um leið að passa að hafa það í samræmi við tíma og getu barna og starfsfólks svo að það detti ekki oft upp fyrir vegna þess að það er of erfitt að sinna því.

Innra mat á deildinni fór fram á deildarfundum og samtölum starfsfólks á deild. Auk ofantalinna atriða verður hugað að eftirtöldum umbótaþáttum.

Læsi, hlustun, einbeiting í sögustund

- ✓ *Markmið: að ná betri athygli og hlustun þannig að börnin njóti stundanna betur og fái meira út úr þeim*
- ✓ *Aðgerðir til úrbóta: skipta börnunum í fleiri hópa í sögustundum*
- ✓ *Tímaáætlun: hefst strax í haust þegar ný börn verða komin á deild*
- ✓ *Ábyrgðaraðili: allt starfsfólk deilda, það eru þeir sem eru á seinni vöktum sem sjá um stundirnar á hverju tíma*
- ✓ *Endurmat: munnlegt á deildarfundum og samtölum*
- ✓ *Viðmið um árangur: að sögustundir séu markvissari, yfirvegaðri og skili góðum árangri*

Fataklefi fyrir útiveru

- ✓ *Markmið: hafa betra flæði og minna álag*
- ✓ *Aðgerðir til úrbóta: skipa börnunum í hópa eftir aldri*
- ✓ *Tímaáætlun: hefst strax næsta haust þegar ný börn verða komin á deildina og heldur áfram út skólaárið*
- ✓ *Ábyrgðaraðilar: allt starfsfólk deildar*
- ✓ *Endurmat: fyrst eftir einn mánuð (október 2018) og svo áfram yfir veturinn*
- ✓ *Viðmið um árangur: betri stemning í fataklefa með rólegra yfirbragði, þar sem tækifæri gefst til að hvetja börnin áfram í sjálfshjálpi*

Of stór barnahópur saman í einu

- ✓ *Markmið með umbótum: fækka stundum þegar börnin eru öll saman í einu rými*
- ✓ *Aðgerðir til úrbóta: skipta þeim í hópa og nýta svæðin í skólanum betur*
- ✓ *Tímaáætlun: byrjun til lok skólaárs*
- ✓ *Ábyrgðaraðilar: allt starfsfólk deilda*
- ✓ *Endurmat: eftir um það bil tvo mánuði (nóvember 2018) á deildarfundum og með samtölum*
- ✓ *Viðmið um árangur: rólegra yfirbragð, meiri nánd við hvert barn*

STUTT GREINARGERÐ DEILDARSTJÓRA STJÖRNUDEILDAR UM STARFIÐ Á SÍÐASTA ÁRI

Á Stjörnudeild voru 20 börn, í mars 2018 færðust tvö börn upp um deild, eitt nýtt barn byrjaði og annað barn koma af yngri deild.

Á deildinni voru 3 stöðugildi, allir voru í 100% starfi. Deildarstjóri fór í veikindaleyfi í janúar 2018 og var í því út skólaárið. Tveir starfsmenn byrjuðu á deildinni haust 2017, annar var allt skólaárið og hinn fram á sumar en þá kom nýr starfsmaður í hans stað. Nýr starfsmaður kom á deildina í febrúar og var út skólaárið. Aðstoðarleikskólastjóri tók við veikindaafleysingu deildarstjóra frá febrúar og fram að sumarleyfi 2018. Auk fastra starfsmanna var einn sérkennari á deildinni.

Í febrúar var farið í að breyta skipulagi deildarinnar án þess að það hefði neikvæð áhrif á barnahópin. Byrjað var að setja inn morgunfundi þar sem farið var yfir dagskrá dagsins, farið yfir þjóna dagsins, veður og hvernig best væri að klæða sig fyrir útiveru, umhverfisfulltrúa, hverjir færu heim með Vin (bangsa), lög fyrir söngsal voru valin á föstudögum og á mánudögum var barnið sem hafði farið heim með Vin á föstudegi með kynningu á því sem það gerði með Vin yfir helgina.

Sett var upp myndrænt dagskipulag á deildinni sem nýttist vel börnum með annað móðurmál en íslensku og börnum sem eiga erfitt með að lesa í aðstæður eða taka við munnlegum skilaboðum sem gefin voru yfir hópinn. Einnig nýttist þetta börnum sem glímdu við kvíða. Dagurinn varð mikið fyrirsjáanlegri fyrir öll börn á deildinni og þau gátu gengið að skipulaginu vísu á ákveðnum stað og skoðað það að vild.

Sett var af stað reglulegar stundir í listasmiðju þar sem hin ýmsu verkefni voru unnin, reglulegar hreyfistundir og málörvunar og Lubbastundir. Málörvunar og Lubbastundirnar voru nýjar á deildinni, þar var lögð inn hljóðin í Lubba, með Lubbabókinni, og hljóðdisknum, einnig var unnið með hugtakaskilning, forsetningar og rím.

Sett var inn 1 sögustund á dag eftir hádegismat þar sem hópnum var skipt í tvennt og lesnar voru 1-2 bækur. Sögustundirnar voru nýttar í orðaspjall og upprifjun að lestri loknum.

Lögð var áhersla á vettvangsferðir og samspil við nærumhverfið með leikhúsferðum, bókasafnsferðum, ferðum á tjörnina, skógarferð með nesti og brúðuleikhúsferð.

Leikefni á deildinni var endurskoðað og gamalt og úrsérgengið leikefni var tekið út og nýju bættu inn. Reynt var að fylgjast með áhuga barnanna og bjóða upp á efnivið sem höfðaði til þeirra. Sem dæmi var rykinu dustað af einingakubbunum og boðið upp á þá alla daga ásamt því að bætt var ítarefni í einingakubbana. Einnig voru settar upp myndir af hinum ýmsu byggingum um allan heim sem innblástur í byggingarvinnu.

Bætt var í heimiliskrók, bílakassa, ljósaborð var tekið í notkun og var bætt við leikefni fyrir það. Einnig var bætt við efnivið eins og skæri, heftara, gatara, lími, klippimyndum til þess að auka úrval til listsköpunar. Settur var upp leskrókur þar sem börnin höfðu tækifæri til þess að setjast niður og skoða bók í ró og næði.

Aukið var í skráningar á deildinni og var reynt að grípa áhuga og námsferli barnanna og skrá það niður fyrir ferilmöppurnar.

Vinur (bangsi) var endurvakinn. Markmiðið var að efla samspil milli heimamenningar og skólamenningar með samstarfi við foreldra. Börnin skiptust á að fara með bangsann heim og skráðu foreldrar niður heimsóknina og sendu með barninu í skólann þar sem barnið með hjálp frá kennara sagði frá heimsókninni.

Lögðum áherslu á aukið sjálfstæði í öllu þeim aðstæðum sem buðu upp á slíkt. Einnig var lögð áhersla á aukið lýðræði þegar koma að því að velja milli einhverja tveggja verkefna sem átti að taka þátt í,

laga sem átti að syngja, bóka sem átti að lesa, leikja sem átti að fara í o.fl. Þeim var kennt að kjósa milli þessara þátta og finna út úr því hver væri meirihlutinn og að meirihlutinn réði.

Þegar börnin fóru að sýna stöfum áhuga voru þeir gerðir sýnilegir á veggjum deildarinnar og var boðið upp á forskrift.

Bætt var inn mynstri í perlum sem kveikti mikinn áhuga á perlum sem þróaðist svo í að þau fóru að gera sitt eigið mynstur. Þetta hafði einnig þau áhrif að þau börn sem aldrei höfðu haft áhuga á perlum fóru að perla og þau sem höfðu slaka færni í því að perla efldust verulega í fínhyfingum.

Við lögðum gríðarlega áherslu á virðingu í garð barnanna. Lögð var áhersla á að talað væri af virðingu við börnin og gripið væri inn í aðstæður af virðingu og yfirvegun.

Starfsfólk beðið um að færa sig niður til barnanna þegar talað væri við þau. Starfsfólkið hvatt til að vera meiri þátttakendur í vinnu barnanna og vera til staðar fyrir þau án þess að vera stanslaust að stýra leik eða skipta sér af honum. Bera virðingu fyrir leiknum og ferlinu en grípa inn í ef þurfa þótti.

Flest allt sem við tókum okkur fyrir hendur gekk vel og án vandræða. Það sem þyrfti að skoða er hvernig stundir eru undirbúnar og einnig skoða hverju var stundin að skila, hver var tilgangur hennar og samræmist hann námskrá og hugmyndafræði skólans. Í listasmiðju var aðal áherslan lögð á að upplifa efniviðinn og fá að skapa eftir eigin höfði. Næsta vetur munum við ígrunda vel hvað við viljum leggja inn og hvernig og ígrunda vel hvernig við tengjum það við stefnu og hugmyndafræði leikskólans.

Unnið var með nærsamfélagið t.d. með því að hafa samstarf við listasafn Einars Jónssonar. Börnin fóru þangað í hópum, fengu leiðsögn, völdu sér styttu og teiknuðu hana. Auk þess sem við heimsóttum nokkrum sinnum garðinn við listasafnið.

Ef ákveðið verður að halda inni hreyfistundir í sal þurfa þær að vera markvissari að því leyti að það sé rauður þráður í því sem verið er að þjálfra. Að það sé viss áhersla með hverjum tíma til þess að þjálfra grófhreyfingar, samhæfingu, jafnvægi, styrk o.fl. þætti sem eru mikilvægir í hreyfiproska barna. Þessu þarf svo að blanda við hugmyndafræði skólans þar sem áhersla er á að nálgast þekkingu í gegnum þá greind sem við erum sterkust í og á það líka við um hreyfigreind.

Innra mat á deildinni fór fram á deildarfundum og samtölum starfsfólks á deild. Auk ofantalinna atriða verður hugað að eftirtöldum umbótaþáttum.

Læsi og samskipti

- ✓ *Markmið: að efla ímyndunarafl og leyfa því að leika lausum hala, kenna fleiri vísur og lög auka lestur*
- ✓ *Aðgerðir til umbóta: nota leiki og leikræna tjáningu, hafa söngsamverur, poppa upp stundirnar*
- ✓ *Tímaáætlun: frá hausti 2018 til vor 2019*
- ✓ *Ábyrgðaraðili: deildarstjóri*
- ✓ *Endurmat: að vori, skráning og samræður á fundum*
- ✓ *Viðmið um árangur: metið hjá börnunum, að börnin hafi lært söng og texta*

Leggja áherslu á vandað málfar

- ✓ *Markmið: leggja áherslu á vanað mál t.d. að taka út ó-endingar*
- ✓ *Aðgerðir til umbóta: starfsfólk verði góðar fyrirmyndir*
- ✓ *Tímaáætlun: byrjar strax og heldur alltaf áfram*
- ✓ *Ábyrgðaraðilar: allt starfsfólk deildar*
- ✓ *Endurmat: í gangi allan tímann með samtölum og ábendingum*
- ✓ *Viðmið um árangur: að hætt sé að nota ó-endingar*

STUTT GREINARGERÐ DEILDARSTJÓRA SÓLSKINSDEILDAR UM STARFIÐ Á SÍÐASTA ÁRI

Haustið 2017 voru 27 börn á Sólskinsdeild, 22 fædd árið 2012 (11 stúlkur – 11 drengir) og 5 fædd árið 2013 (1 stúlka – 4 drengir). Hópurinn samanstóð af 15 drengjum og 12 stúlkum. Breytingar urðu á barnahópnum yfir skólaárið þannig að í enda skólaárs eru börnin á deildinni 26, 19 börn fædd árið 2012 (9 stúlkur - 10 drengir) og 7 börn fædd árið 2013 (2 stúlkur – 5 drengir).

Á deildinni voru þrjú stöðugildi kennara og var sami starfshópurinn þar allt skólaárið, starfsmenn deilarinn voru mjög samheldnir og unnu mjög vel saman.

Sjálfmyndir af öllum gerðum og stærðum voru áberandi þetta skólaárið líkt og áður og sást það vel á sýningu á verkum barnanna á Opnu húsi er haldið var 4.maí. Einnig var *leikurinn* í gegnum Fjölgreindir Howard Gardners áberandi líkt og áður, til að dýpka okkur (bæði börn og starfsfólk) í fræðunum og gera greindirnar sýnilegri. Börnin nutu sín í leik og sköpun inni á deildinni. Öll börn fengu afmælisskráningu í ferilmöppuna sína og einnig skráningu á því þegar þau skrifa nafnið sitt þar sem sést m.a. grip.

Listasmiðja á mánudögum, hreyfing í sal á þriðjudögum og tónlist í Skoti á fimmtudögum. Skipulag um hvaða kennari sæi um hvað, var rúllandi milli allra kennara deildarinnar nema tónlistin. Hún deildist á aðra starfsmenn en deildarstjóra. Dæmi: Hver kennari vann með börnunum í listasmiðju á 3 vikna fresti, og vegna þess hve mörg börnin voru náðist ekki alltaf að bjóða öllum börnunum í listasmiðju sama daginn og/eða ef að verkefnið krafðist tíma, gat kennarinn haldið áfram með það eftir 3 vikur. Ekki voru fyrirfram ákveðnir hópar, heldur valdi kennarinn í hvern hóp hverju sinni, af þeim börnum sem mætt voru. Deildarstjóri sá um „Elstu barna verkefni“. Á dagskipulagi voru þau

einu sinni í viku. Þennan veturinn stóð til að flétta þau inn í starfið en gekk það ekki upp. Auðvitað eitthvað sem hægt er að telja sem elstu barna verkefni í hinu daglega starfi, en ekkert markvisst sem hægt er að hengja þann stimpil á. Enn fleiri yngri börn verða næsta vetur svo það þarf bara að sjá upp á hvað hægt er að bjóða.

Samverustundir voru þrjár yfir daginn. Fyrir hádegismatinn voru öll börnin saman í Hreiðri. Börnin lásu/skoðuðu þá sjálf bækur og spjölluðu saman meðan að þjónn dagsins lagði á borð ásamt kennara. Eftir hádegismatinn var lesstund. Kennari las fyrir börnin. Börnum skipt í tvo hópa. Eftir nónhressingu var söngstund. Öll börnin voru þá saman í Hreiðri. Dýrmætt að hafa starfsmenn sem kunna spila á hljóðfæri og hafa gaman af söng og stórum textum.

Farið var í ýmsar ferðir út fyrir skólalóðina á árinu t.d. á Borgarbókasafnið, í Hörpu á sinfóniutónleika, á brúðusýningu í Þjóðleikhúsinu, í heimsóknir til eldir borgara á Vitatorgi, að skoða jólaköttinn í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum, í Austurbæjarsóla, í fjöruferð, niður á tjörn, út í Viðey og í Borgarleikhúsið. Allar þessar vettvangsferðir gengu vel og skiluðu miklu.

Unnið var með læsi á deildinni á ýmsan hátt, t.d. með því að hafa staf og orð vikunnar, börnin sáu um að gera matseðla fyrir daginn. Til stendur að halda því áfram og passa betur upp á að ekki gleymist að skipta út orði og staf. Unnið var með Lubba, en ekki nógu mikið og stendur til að efla það á komandi skólaári.

Gert var formlegt innra mat á deildinni með börnunum í lok vetrar, svokallað demantamat, þar sem öll börnin tóku þátt og tjáðu sig um hvað væri gaman að gera á deildinni.

Skráningar á leik og starfi barnanna gekk vel.

Áfram var unnið með heimamenningu. Börnin komu með myndir af sér og fjölskyldu sinni og settu í sameiginlega möppu til að kynna sig og sína. Auk þess voru stundir fyrir þáttinn *má ég sýna* þar sem börnin komu með hlut að heiman til að sýna og segja frá, sem einnig þjálfar framkomu.

Deildin þarf að vera duglegri í samstarfsverkefni Slökkviliðsins og leikskólans um *Loga og Glóð*, en ætlast er til þess að því sé sinnt af elstu börnunum einu sinni í mánuði.

Gefa þarf meiri tíma fyrir Hljóm2 að hausti.

Gott væri ef tími fyndist fyrir stutt foreldraviðtöl að hausti til að skapa meiri tengingu á milli foreldra og deildar.

Mikið hefur verið unnið með vísindi á skólaárinu og stendur til að halda því áfram, en á formlegri hátt.

Vinna með nærsamfélaginu var t.d. fólgið í samvinnuverkefni við Vitatorg, börnin fóru og hittu eldri borgara þar og skemmtu sér með þeim nokkrar morgunstundir. Auk þess fóru börnin í Ásmundasál, fengu fræðslu og héldu myndlistarsýningu fyrir foreldra. Það var verkefni í samstarfi við rekstraraðila safnsins.

Til gamans má geta þess að teknar voru 25.000 myndir á skólaárinu og var mjög gott að hafa einn starfsmann sem hélt utanum þær. Þær eru til að mynda hluti af skáningu á leik og starfi barnanna sem og leið til að meta nám og velferð þeirra.

Nú er bara að sjá hvað næsta haust ber í skauti sér. Verða sömu starfsmennirnir áfram eða verður öllu stokkað upp? En eins og alltaf munum við á Sólskinsdeild gera okkar besta.

Innra mat á deildinni fór fram á deildarfundum og samtölum starfsfólks á deild. Auk ofantalinna atriða verður hugað að eftirtöldum umbótaþáttum.

Orð vikunnar

- ✓ *Markmið: muna að skipta um vikulega, vinna betur með mál og læsi*
- ✓ *Aðgerðir: skipta á fimmtudögum*
- ✓ *Tímaáætlun: frá hausti og fram á vor*
- ✓ *Ábyrgðaraðili: deildarstjóri og allt starfsfólk deilar*
- ✓ *Endurmat: innra mat barna að vori*
- ✓ *Viðmið um árangur: betri skilningur barna á læsi á umhverfið*

Vinna með Lubba

- ✓ *Markmið: að leggja inn hljóð og vinna með mál og læsi*
- ✓ *Aðgerðir: að vinna með Lubba í samverustundum, hljóð vikunnar, saga vikunnar, sungið í söngstundum*
- ✓ *Tímaáætlun: frá hausti og fram á vor*
- ✓ *Ábyrgðaraðili: allt starfsfólk deilar*
- ✓ *Endurmat: innra mat barna að vori*
- ✓ *Viðmið um árangur: betri skilningur barna á mál og læsi*

Vinna markvisst með vísindi

- ✓ *Markmið: að börnin skilji hvað er á bak við orðið vísindi og stærðfræði*
- ✓ *Aðgerðir: að orða og nefna þessi orð þegar verið er að vinna með þau, að setja orð á hlutina*
- ✓ *Tímaáætlun: frá hausti og fram á vor*
- ✓ *Ábyrgðaraðili: allt starfsfólk deilar*
- ✓ *Endurmat: innra mat barna að vori*
- ✓ *Viðmið um árangur: koma orðin fram í mati að vori*

YTRA MAT

Reykjavíkurborg gerði starfsmannakönnunin dagana 29. janúar – 19. febrúar, það var rafræn könnun. Tilgangur könnunarinnar var að fá fram viðhorf starfsmanna til starfsumhverfis, samskipta og

stjórnunarháttar. Hægt var að bera starfsstaðinn saman við borgina í heild eða sambærilega starfsstaði.

Því miður er ekki hægt að birta heildarniðurstöðurnar hérna því ekki er hægt að prenta þær út úr kerfinu. Í starfsmannakönnuninni voru eftirtaldir 18 þættir kannaðir (5 er hæsta mælitalan):

- ✓ *Frumkvæði (4,70)*
- ✓ *Fræðsla og þjálfun (4,15)*
- ✓ *Hæfilegt vinnuálag (3,85), stendur í stað*
- ✓ *Ímynd (4,75)*
- ✓ *Jafnrétti og jafnræði (4,85)*
- ✓ *Markmið og árangur (4,73)*
- ✓ *Metnaður (4,87)*
- ✓ *Móttaka nýliða (4,25)*
- ✓ *Starfsandi (4,40)*
- ✓ *Starfsánægja (4,70)*
- ✓ *Starfsmannastöðuleiki (3,44)*
- ✓ *Starfsöryggi (4,70)*
- ✓ *Stjórnun (4,40)*
- ✓ *Sveigjanleiki í starfi (4,35)*
- ✓ *Tilgangur (4,73)*
- ✓ *Upplýsingaflæði (4,30)*
- ✓ *Viðurkenning (4,43)*
- ✓ *Vinnuaðstaða (4,15)*

Allir þættir höfðu hækkað frá síðustu könnun, fyrir utan hæfilegt vinnuálag sem stóð í stað og viðurkenning sem lækkaði úr 4,70 í 4,43. Helstu niðurstöður voru frekar góðar, meðalskor allra þátta var 4,43 (þar sem 5 er hæst), miðað við að í fyrri könnun var meðalskor allra þátta 4,23. Meðalskor starfsánægju var 4,70, metnaður fyrir starfinu var 4,87, fræðsla og þjálfun og vinnuaðstaða var með 4,15, allt annað var þar á milli. Fyrir utan tvo þætti, starfsmannastöðuleiki sem var 3,44 og hæfilegt vinnuálag sem var 3,88.

Þessa þætti þarf að rýna og finna út hvað starfsstaðurinn Grænaborg getur gert til að lagfæra þá. Spurt verður hvað er það sem veldur álagi í starfi og hvað er í okkar höndum til að lagfæra það. Þetta var allt rætt og ígrundað á starfsmannafundi og var það samdóma álit allra að það sem ylli mestu álagi væri of stór barnahópur. Þetta væri álagsþáttur sem hefði áhrif bæði á starfsmenn skólans og börnin í skólanum. Þetta þarf að bæta. Í framhaldi af því sótti Grænaborg um aukna fækkun á börnum fyrir veturinn 2018 – 2019 en fékk synjun og verður gerð krafa um 79 börn í skólanum. Þannig að það er í rauninni tekið úr höndum skólans að finna leið til að minnka þennan aðalþátt álags í starfi – því miður. Þó verður haldið áfram að sækja um fækkun barna niður í 75 börn, enda mun barnahópurinn verða nokkuð yngir en verið hefur. Mikil umræða hefur líka skapast um það hvernig hægt er að minnka hópana og deila börnunum um skólann, og verður það gert, en ekki eru nógu mörg rými. En haldið verður áfram á komandi skólaári að skoða þennan þátt líkt og undanfarin ár og

reynt að finna bestu leiðina að því. Þetta verður gert á deildar-, deildarstjóra- og starfsmannafundum. Það er í höndum alls starfsfólks skólans að finna hentugar leiðir í þessu efni. En það eru stjórnendur skólans að fylgja þessu eftir og munum við leggja áherslu á að fækka börnum í skólanum.

Starfsmannastöðugleiki kom ekki nægilega vel út á seinustu könnun, enda var rót á starfsmannahópnum seinasta vetur eins og áður hefur komið fram. Það er spurning hvað starfsstaðurinn Grænaborg getur gert til að breyta þessu, við munum taka þetta fyrir á fundum í skólanum og halda umræðunni gangandi varðandi það hvað er hægt að gera til að minnka starfsmannaveltuna. Starfsmannastöðuleiki er þó líka á ábyrgð sveitafélags sem rekstraraðila, t.d. eru þeir samningsaðilar að launum, úthluta fjármagni til skólans t.d. til launa og aðbúnaðar, og það er sveitafélagið sem segir til um fjölda barna og hefur því úrslitaáhrif um álag í starfi, sem virðist koma niður á starfsmannastöðuleikanum.

Viðurkenning og hrós þyrfti að bæta samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar. Í umræðu um þennan þátt voru starfsmenn á því að allir þyrftu að vera duglegri að hrósa og yfirmenn að sýna starfsfólki viðurkenningu fyrir það sem er vel gert. Einnig skapaðist mikil umræða um þennan þátt, við heyrum ekki alltaf hrós og viðurkenningar þegar við fáum þær. Auk þess skapaðist líka umræða um það hvort og hverju bæri að hrósa, ekki því dags daglega sem ætlast er til að við sinnum í starfi. En þessi þáttur verður ofarlega í huga okkar næsta skólaár.

Vinnuaðstaða fékk 3,88 stig og þyrfti að vera hærri. Sumt höfum við reynt að fá bætt, en ekki haft fjárráð til, t.d. betri húsgögn á deildir. Svo er það umræðan um fjölda einstaklinga í sama rými, sem allir í leikskólanum eru sammála um að sé allt of margir í rýminu og erum við aftur komin að því að það eru of mörg börn í skólanum.

Aðrir þættir í starfsmannakönnuninni kom nokkuð vel út og munum við halda áfram að gera það sem við getum til að viðhalda því og bæta enn frekar. Það verður gert með því að rýna í og ræða það sem gengur vel, hversvegna og hvað viljum við bæta.

Farið var yfir allar niðurstöður könnunarinnar á starfsmannafundum og niðurstöður ræddar, - af hverju koma hlutirnir út eins og þeir gerði, vel eða illa. Mikið var rætt um upplýsingafæði – hvaða upplýsingar er fólk ekki að fá en vill fá, allir voru sammála um að það þyrfti að leita eftir þeim upplýsingum og að virða þyrfti allan trúnað – ekki allar upplýsingar eru fyrir alla.

Hugað verður að að eftirtöldum umbótaþáttum.

Færri börn í Græ nuborg

- ✓ *Markmið: fækka börnum í Græ nuborg t.d. til að minnka álag, hafa meira rými fyrir hvern einstakling í fermetrum, meira svigrúm fyrir samskipti við hvert barn. Allt eru þetta þættir sem auka gæði kennslunnar*
- ✓ *Aðgerðir til umbóta: sækja um fækkun til SFS með rökstuðningi*
- ✓ *Tímaáætlun: að hafa ekki færri börn í skólanum frá hausti 2018*
- ✓ *Ábyrgðaraðili: stjórnendur leikskólans*
- ✓ *Endurmat: að vori*
- ✓ *Viðmið um árangur: minna álag, bæt starfsumhverfi, meiri tími með hverjum nemand.*

Starfsmannastöðuleiki

- ✓ *Markmið: að það séu aldrei fleiri en 75 börn í Græ nuborg í einu, minnka álag, meira rými fyrir hvern einstakling í fermetrum, meiri samskipti við hvert barn*
- ✓ *Aðgerðir til umbóta: sækja um fækkun til SFS með rökstuðningi*
- ✓ *Tímaáætlun: að hafa ekki færri börn í skólanum frá hausti 2018*
- ✓ *Ábyrgðaraðili: stjórnendur leikskólans*
- ✓ *Endurmat: að vori*
- ✓ *Viðmið um árangur: minna álag, bæt starfsumhverfi, meiri tími með hverjum nemanda.*

Upplýsingaflæði

- ✓ *Markmið: að allar upplýsingar berist til viðeigandi aðila, barna, foreldra og starfsmanna*
- ✓ *Aðgerðir til umbóta: finna út hvaða upplýsingar eru ekki að berast, hvers vegna og af hverju fólk beri sig ekki eftir þeim, hver þarf hvaða upplýsingar, finna út bestu leiðirnar til að koma upplýsingum áfram*
- ✓ *Tímaáætlun: unnið allt árið, umræðumat og ef til vill könnun*
- ✓ *Ábyrgðaraðili: allt starfsfólk skólans*
- ✓ *Endurmat: að vori*
- ✓ *Viðmið um árangur: að þær upplýsingar sem eru nauðsynlegar öllum komist til allra og*

Samvinna á milli deilda

- ✓ *Markmið: að læra og leika meira saman, hvað er verið að vinna með á hinum deildunum? Auka flæði á milli deilda.*
- ✓ *Aðgerðir til umbóta: hvað viljum við gera meira á milli deilda, hver er ávinningurinn, hvaða tími dags er bestur eða hvaða dagur vikunnar er bestur*
- ✓ *Tímaáætlun: skólaárið*
- ✓ *Ábyrgðaraðili: deildarstjórar*
- ✓ *Endurmat: að vori*
- ✓ *Viðmið um árangur: meiri og passleg samvinna allra í skólanum.*

Hrós og viðurkenningar

- ✓ *Markmið: að allir fái hrós (ígrundað hrós, ekki bara „vá, en flott“ og viðurkenningu fyrir vel unnin störf, hvað er hrós, fyrir hvað er hrósað*
- ✓ *Aðgerðir til umbóta: að allir venji sig á að hrósa og gefa viðurkenningu og undirstrika mikilvægi hvers og eins í skólanum*
- ✓ *Tímaáætlun: allt árið*
- ✓ *Ábyrgðaraðili: allt starfsfólk*

- ✓ *Endurmat: að vori*
- ✓ *Viðmið um árangur: að allt starfsfólk skólans upplifi það að vinnuframlag þess sé metið og fái hrós frá öllu samstarfsfólki. Að fólk svari játandi ef það er spurt hvort að það hafi hrósað samstarfsfólki og hvort að það hafi fengið hrós frá samstarfsfólki*

Starfsaðstaða

- ✓ *Markmið: skapa umræðuvettvang þar sem rýnt er í starfsaðstöðu og hvað er það í henni sem er ekki viðunandi fyrir starfsfólk og börn, t.d. rými, stólar, borð o.m.fl.*
- ✓ *Aðgerðir til umbóta: bæta úr því sem kemur fram í umræðunni*
- ✓ *Tímaáætlun: allt árið*
- ✓ *Ábyrgðaraðili: allt starfsfólk*
- ✓ *Endurmat: að vori*
- ✓ *Viðmið um árangur: betri starfsaðstaða*

STUTT GREINARGERÐ SÉRKENNSLUSTJÓRA UM STARFIÐ Á SÍÐASTA ÁRI

3 börn voru með stuðningstíma í Græ nuborg og var eitt í fyrsta flokk og hin í 2. flokk.

2 börn eru í atferlisþjálfun og er þar unnið eftir einstaklingsáætlun sem er endurmetin á 6-8 vikna fresti og svo 6 mánaða fresti í samráði við foreldra og ráðgjafa frá GRR og sérkennsluráðgjafa frá þjónustumiðstöð. Barnið sem fékk fjármagn fékk stuðning á deild og í einstaklingsstundum þar sem unnið var eftir einstaklingsáætlun sem endurmetin var á 6-8 vikna fresti í samráði við foreldra og sérkennsluráðgjafa frá þjónustumiðstöð. Hvert barn er með einstaklingsáætlun sem er sniðin sérstaklega að þörfum þess.

Búið er að innleiða TRAS á yngstu deild og næst elstu og stefnum við að því að allar deildir verði farnar að nýta sér skimunina næsta vetur. Málproskaskimunin TRAS gefur okkur góðar vísbendingar um það hvort og hvar þurfi að leggja auknar áherslur í málproska, félagsfærni, athygli og einbeitingu. Við lögðum upp með að leggja EFI-2 fyrir öll börn sem hafa aldur fyrir þann skimunarlista. Hann gefur okkur góðar vísbendingar um málskilning og tjáningarfærni barna. Ekki gafst tækifæri til þess að klára að leggja hann fyrir þau börn sem höfðu náð réttum aldri á vetrinum vegna manneklú. Hljóm2 er einnig lagt einu sinni fyrir öll elstu börn skólans og aftur ef þurfa þykir.

Einstaklingsnámskrár voru gerðar af sérkennslustjóra, sérkennara og atferlisráðgjafa frá G.R.R. Einnig komu iðjuþjálfari, sjúkraþjálfari og talmeinafræðingur að áætlunargerð hjá einu barni.

Foreldrar hafa alltaf umsagnarétt þegar kemur að einstaklingsáætlunum. Einstaklingsáætlun er lögð fyrir foreldra og þau koma með athugasemdir sem tekið er tillit til og þeim breytt.

Það sem haft var til hliðsjónar við gerð áætlunar eru niðurstöður greiningar og matslistar.

Námskrárnar eru kynntar fyrir foreldrum og sérkennsluráðgjafa frá þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða á teymisfundum sem haldnir eru á 6-8 vikna fresti í öðru tilfellinu og 6 mánaða fresti í hinu.

Við áttum gott samstarf við sérkennsluráðgjafa frá þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða. Við vorum með aðgang að einum ráðgjafa sem komu að málum hjá okkur. Við áttum gott samstarf með honum og ekkert út á það að setja. Ráðgjöf frá þjónustumiðstöð hefur reynst okkur mjög vel.

Við höfum einnig átt gott samstarf við stoðþjónustuna til að mynda iðjuþjálfra og sjúkrapjálfra frá Æfingastöðinni og var það mjög gott samstarf og fengum við mjög góða ráðgjöf frá þeim. Þeir komu til okkar og leiðbeindu varðandi vinnu með ákveðin sérkennslubörn sem voru í sjúkra- og iðjuþjálfun fyrir utan leikskólann. Samstarf við talþjálfra var nokkuð góð, við fengum ráleggingar frá talmeinafræðingi sem við gátum nýtt okkur í starfi með ákveðnu barni. Samvinna okkar við GRR var nokkuð góð. Við erum í samvinnu við einn sérfræðing vegna eins barns og gekk það nokkuð vel. Ekki var alltaf hægt að ná í þann sérfræðing sem krafðist þess að við þurftum að skipuleggja vinnuna sjálf sem gekk vel og áfallalaust.

Starfshlutfall sérkennslustjóra er 75%. Í þessari prósentu er ekki bara utanumhald sérkennslu heldur sinni ég einnig sérkennslu eins barns. Starfinu er ekki skipt niður yfir daginn þar sem verkefni er mis mikil og unnið frekar í tórnum þegar þau koma. Einn daginn er mikið af verkefnum tengd sérkennslu og svo eru önnur verkefni sem tengjast stöðu aðstoðarleikskólastjóra. Fundir tengdu hverju barni eru á 6-8 vikna fresti og fer það eftir hverju tilfelli fyrir sig. Sérkennslufundir þar sem allt fólk sem sinnir sérkennslu í húsi kemur saman og ræðir um sérkennslu og fær ráðgjöf ef þess þarf. Farið er yfir hvernig gengur með hvert barn og komið með ráðleggingar ef þurfa þykir.

Gagnsemi sérkennslunnar var mikil, öll börn sem fengu sérkennslu sýndu framfarir í mis miklum mæli. Börnin náðu flest þeim markmiðum sem sett voru og ef þau náðust ekki þá voru ný markmið sett í staðin sem enn er verið að vinna að og mun halda áfram á meðan barnið hefur þann stuðning sem það hefur fengið úthlutað. Ef ekki væri fyrir þennan stuðning sem börnin hafa þá væri árangurinn ekki eins mikill. Með markvissum stuðningi og innlögn er hægt að ná miklu meiri og markvissari árangri en án hans.

Þátttaka deildarstarfsmanna mætti vera meiri. Fólk virðist vera smeykt við að grípa inn í sérkennslumál þar sem þekkingin til þess að takast á við þau er ekki næg. Þrátt fyrir að leiðbeining sé til staðar þá veigrar fólk sér við því að grípa inn í.

Myndi vilja að sérkennsla verði meiri hluti af deildinni. Allir taki þátt í þjálfun barnsins þar sem ekki öll börn eru með stuðning allan daginn og það þurfa allir að vera samstíga þegar verið er að leggja inn eitthvað ákveðið svo það skili markvissari árangri. Það þurfa allir að vita hvernig á að bregðast við vissum aðstæðum eða krísum hjá barninu.

Ég er ánægð með hversu miklum árangri sérkennslan er að skila og hvað sérkennslufólkið er að sinna sínum málum vel. Það sem gengur ekki eins vel upp er að sérkennslufólkið er ekki alltaf að komast í undirbúning sem er undirstaða þess að hægt sé að skipuleggja vinnu með börnunum. Þetta verður metið, hvað veldur því og hvað er hægt að gera í því?

SKIPULAGT STARF VEGNA BARNA MEÐ ANNAÐ MÓÐURMÁL EN ÍSLENSKU

Í læsisstefnu Græ nuborgar stendur í kaflanum um tvítyngd börn: *Tvítyngd börn eru börn sem búa við fleiri en eitt tungumál. Kennarar eru meðvitaðir um að efla tjáningu, skilning og orðaforða barnanna. Foreldrar eru hvattir til þess að tala sitt móðurmál við barnið, það stuðlar að því að máltaka íslenskunnar verður auðveldari. Þegar barnið hefur góðan grunn í eigin móðurmáli er auðveldara að byggja ofan á þann grunn. Notað er myndrænt dagskipulag til að auðvelda barninu að skilja hvað sé framundan. Ef á þarf að halda eru útbúnir orðalistar og orðabækur. Orðalistar eru útbúnir yfir þau orð sem barnið notar og kann yfir hluti og persónur í umhverfi þess. Orðabækur með myndum og texta á móðurmáli barns og íslensku af helstu hlutum og persónum í þeirra lífi. Orðabókin er aðgengileg fyrir barnið í leikskólanum til þess að skoða og spyrja út í og svo um helgar stendur barninu til boða að fara heim með bókina þar sem það getur skoðað bókina með foreldrum sínum. Í þessum kafla þar sem beðið er um upplýsingar um skipulagt starf með börnum með annan tungumál en íslensku, þá vísum við í alla læsisstefnu Græ nuborgar.*

Þau börn sem þurfa sérúrræði vegna tungumála fá skipulagðar stundir með stuðningsaðilum skólans eða með sérkennslustjóra. Sérkennslustjóri sér um utanumhald og skipulag á þeim stundum og metur þörfina á sérstuðningi. Hún skipuleggur einstaklingstíma eða hóptíma. Skólinn fær sér fjármagn vegna tvítyngdar barn sem nýttur er í þessa vinnu t.d. með kaupum á búnaði (t.d. spil sem hvetja til tals, öpp í spjaldtölvur, plöst og möppur til að búa til orðaforðabækur).

Í skólanum er lögð áhersla á að setja orða á alla hluti og athafnir, unnið með Lubbi finnur málbein, hugað að öllum þáttum máls í öllu daglegu starfi, deildirnar nota flestar myndrænt dagskipulag, allar deildir vinna með heimamenningu á einhvern hátt með öllum börnum og almennt unnið eftir læsisstefnu skólans.

Samskipti við foreldra tvítyngdra barna er skipulagt á þann hátt sem þykir við hæfi hvers einstaklings. Ekki öll börn sem eru tvítyngd þarfnast sérstakra samskipta, hvorki þau sjálf né foreldrar þeirra. En

skólinn hvetur foreldra eindregið til að nota móðurmál barnsins öllum stundum með barninu. Skólinn bíður auk þess upp á túlka í viðtölum eftir því sem þarf og foreldrar vilja. Upplýsingum um skólastarfið – auglýsingar og þess háttar er komið til foreldra á tungumáli sem þau skilja, bent er á upplýsingar á heimasíðu skólans á fjölda tungumála.

Leitað er eftir efni til að vinna með tvítyngdum börnum og til að meta hvar börn eru stödd og framfarir þeirra t.f hjá SFS, auk þess er Íslenski máhljóðamælinn notaður til að meta hvar þau eru stödd í Íslensku.

STARFSÞRÓUNARSAMTÖL OG FRÆÐSLA

Starfsþróunarsamtöl voru í Grænuborg í byrjun febrúar 2018, leikskólastjóri sá um samtölin. Þeir starfsmenn sem starfað höfðu í leikskólanum í 5 mánuði eða lengur fengu boð um að koma í starfsþróunarsamtal. Notast var við viðtalsblöð þar sem lögð var áhersla á að hver og einn skoðaði sig sem starfsmann í Grænuborg, hvað einkenndi hann í starfi, hvað gerði hann vel og hvers vegna og hvað þyrfti hann að laga og hvers vegna, spurt var hvert stefnir þú í starfi og hvað þarf viðkomandi að gera til að ná því – t.d. hvaða starfsþróun hyggst viðkomandi stunda til að bæta sig enn frekar í starfi.

Símenntun starfsfólks skólans var eftirfarandi:

- ✓ *Tveir starfsmenn voru í leikskólakennarafræðum við Háskóla Íslands*
- ✓ *Sérkennslustóri sótti námskeið í Íslenska máhljóðamælinum hjá Bryndísi Guðmundsóttir talmeinafræðingi*
- ✓ *Tveir starfsmenn sóttu námskeið hjá barnadeild Landspítala háskólasjúkrahúsi um sykursýki skólabarna*
- ✓ *Deildarstjóri sótti dagsnámskeið um leikskólanám eins til þriggja ára barna hjá Guðrúnu Harðardóttir og Sigríði Sítu Pétursdóttir*
- ✓ *Sérkennslustjóri sótti ráðstefnu hjá Talþjálfun Reykjavíkur um snemmtæka íhlutun*
- ✓ *Allt starfsfólk skólans var á námskeiði um líkamsvirðingu og útlitsdýrkun hjá Kolbrúnu Hrund Sigurgeirsdóttir verkefnastjóra á SFS*
- ✓ *Leikskólastjóri fór á námskeiðsdag leikskólastjóra á Akranesi, SFS stóð fyrir deginum*
- ✓ *Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri sóttu stjórnendadag Reykjavíkurborar*
- ✓ *Allt starfsfólk skólans fékk kynningu á hinsegin skólastarfi frá Sigríður Birna Valsdóttir, leiklistar og fjölskyldumeðferðarfræðingur/ráðgjafi hjá Samtökum 78*
- ✓ *Allt starfsfólk skólans fékk kynningu á workplace*
- ✓ *Allt starfsfólk skólans var á skyndihjálparnámskeiði á starfsdegi, Vinnuvernd sá um*
- ✓ *Tveir starfsmenn sóttu námskeið um snjalltæki í skólastarfi*
- ✓ *Deildarstjóri sótti námskeið í Hljóm2 á vegum Menntamálastofnunar*
- ✓ *Deildarstjóri og einn starfsmaður fóru á námskeið í notkun Book Creator*

Áætluð símenntun fyrir komandi starfsár er að fá fræðslu um mat á námi og velferð barna, um innra mat á skólastarfi, að fleiri deildarstjórar sækji námskeið í Tras og að allt starfsfólk skólans fái fræðslu um upplýsingatækni í skólastarfi.

Leikskólinn stefnir auk þess á námsferð erlendis á skólaárinu, ekki er búið að útfæra það að fullu ennþá.

FORELDRASAMVINNA

Við skólann starfar foreldraráð eins og lög gera ráð fyrri. Í ráðinu eru auk leikskólastjóra þrír fulltrúar foreldra sem gefa kost á sér og eru kosnir á aðalfundi foreldrafélags skólans. Foreldraráðið hefur ekki fasta fundatíma, en funda eftir þörfum yfir veturinn. Helstu hlutverk þeirra eru að koma að breytingum á skólastarfi, lesa yfir og skrifa umsókn um starfsáætlanir og nýjar námskrá.

Foreldrafundir voru haldir í september. Hver deild fyrir sig boðar foreldra á fund að morgni dags og kynnis þar fyrir þeim starf deildar og fer yfir hagnýtar upplýsingar sem varða leikskóladvöl og nám baranna. Fundirnir eru vanalega um það bil einn klukkutími frá kl. 8.30 – 9.30

Hver deild boðar foreldra í viðtal einu sinni til tvisvar á ári. Deild yngstu baranna hefur boðað foreldra í viðtal á haustin og á vorin. Aðrar deildir hafa boðað foreldra í viðtal einu sinni á ári á miðjum vetri. Á öðrum tímum gefst foreldrum tækifæri að panta aukaviðtal hjá deildarstjóra ef þannig vill til eða deildarstjóri boðar foreldra í aukaviðtal ef hann telur þörf á því. Náin samvinna á milli foreldra og skólans er mjög mikilvæg. Skólinn mun skoða það vel hvort að tími finnist fyrir örviðtöl á öllum deildum að hausti, það skapar meiri nánd á milli nýrra foreldra og deildarstjóra.

Við skólann starfar foreldrafélag og eru allir foreldra aðilar að því. Á aðalfundi foreldrafélagsins er kosin stjórn foreldrafélagsins – formaður, gjaldkeri, ritari, stjórnarmenn og varmenn. Foreldrafélagið fundar um það bil einu sinni í mánuði yfir vetrartímann og sér um viðburði til hliðar við skólastarfið til að mynda sjá þeir um að finna jólasveina, borga fyrr jólaleikrit, panta hesta í heimsókn í skólann, skipuleggja sveitaferðina með skólanum og borga stóran hluta af henni o.m.fl. Borgað er gjald í foreldrafélagið fyrir hvert barn í skólanum kr. 6.000 á ári. Þessi peningur er nýttur í fyrrgreind atriði.

SAMSTARF LEIK- OG GRUNNSKÓLA

Skólar í miðbæ Reykjavíkur, leikskólarnir Miðborg og Grænaborg og grunnskólinn í hverfinu, Austurbæjarskóli munu hafa samstarf veturinn 2018 – 2019 á eftirfarandi hátt.

Í kringum 20. september 2018 ætla elstu börnin í Miðborg, elstu börnin í Grænuborg og yngstu börnin í Austurbæjarskóla að hittast í garðinum við listasafn Einars Jónssonar. Sú samvera markar upphaf samvinnu vetrarins, þar sem hópurinn hristist saman og verður að „við“. Markmiðið með þessari samveru er að hittast og leika saman, kynnast. Þetta er upphafið að samvinnuverkefni um mál og læsi í þemaverkefni um krumma.

Í október munu allir þessir hópar semja kvæði um krumma, hver á sinni heimastöð. Þessi kvæði sendast á milli starfsstöðva (í seinast lagi 15. október) og eru myndskreytt. Á degi íslenskrar tungu, 16. nóvember 2018 mun hópurinn aftur hittast allur, að þessu sinni í salnum í Græ nuborg. Þar verður búið að setja upp sýningu með verkum barnanna við kvæðin sem þau fengu send. Hver hópur flytur sitt kvæði og sungin verða lög um krumma. Þarna er á markvissan hátt verið að vinna með mál og læsi, þar sem börnin ígrunda samsetningu á kvæði, hlusta á kvæði og leggja sinn skilning á kvæði.

Í desember bíður Austurbæjarskóli elstu börnunum í heimsókn, í kakó. Í þessari heimsókn fá börnin úr leikskólunum tækifæri til að skoða sig um á grunnskólalóðinni.

Um mánaðarmótin janúar/febrúar 2019 fara börnin úr 1. bekk Austurbæjarskóla í heimsóknir í leikskólana. Markmiðið með heimsókninni er að hittast, kynnst betur, rifja upp og svo framvegis.

Í mars 2019 fara leikskólabörnin í leikjaheimsóknir á lóðina í Austurbæjarskóla. Markmiðið er að skoða og prufa og kynnst og rannsaka.

Um mánaðarmótin apríl / maí munu börnin úr leikskólunum fá boð um að koma í heimsókn í 1. bekk og vera með inni í skólastofunni fyrir hádegi einn dag. Markmiðið með heimsókninni er að börnin fái smá innsýn í grunnskólann og hvað er verið að gera þar.

Skóla- og frístundasvið gerir ráð fyrir því að samstarf um starfsdaga sé á milli skóla í hverfi. Þegar leikskólarnir voru að setja saman sitt skóladagatal og hafði samband við grunnskólann til að hafa samstarf hafði grunnskólinn sett niður starfsdag í sitt dagatal. Því miður reyndist ekki unnt að verða við ósk SFS um þrjá sameiginlega daga, því þeir dagar sem grunnskólinn hafði sett niður hjá sér hentuðu ekki leikskólaárinu.

Skilafundir eru skipulagðir af þjónustumiðstöð hverfisins þar sem sérkennslubörnum er formlega skilað til grunnskóla og frístundamiðstöðvar.

Græ naborg fundar með umsjónakennurum 1. bekkjar í júní og skilar af sér börnum sem fara í grunnskóla hverfisins. Hverju barni fylgir skema frá deildinni með upplýsingum um ýmiskonar færni auk þess niðurstöður úr Hljóm2. Auk þess mun skema og niðurstöður úr Hljóm verða sendar í aðra grunnskóla sem börnin fara í .

SKIPULAGSDAGAR

Eftirtalda daga verður lokað vegna skipulagsdaga í leikskólanum:

Föstudaginn 14. september – allan daginn

Föstudaginn 2. nóvember – allan daginn – sami tími og frí er í Austurbæjarskóla

Föstudaginn 7. desember – eftir hádegi – frá kl. 14

Föstudaginn 11. janúar – eftir hádegi – frá kl. 14

Fimmtudaginn 7. febrúar – allan daginn

Miðvikudaginn 20. mars – allan daginn – sami dagur og frí er í Austurbæjarskóla

Föstudaginn 26. apríl - allan daginn

Miðvikudaginn 29. maí – frá kl. 14

FYLGIGÖGN


Skóladagtal

Umsögn foreldraráðs (Starfsáætlunin telst ekki samþykkt án umsagnar foreldraráðs)

Ágúst 2018

F. h. Grænuborgar

Gerður Sif Hauksdóttir
Leikskólastjóri



Skóladagatal Grænuborgar 2018 - 2019 (birt með fyrirvara um breytingar)

ÁGÚST		SEPTEMBER		OKTÓBER		NÓVEMBER		DESEMBER		JANÚÁR		FEBRÚÁR		MARS		APRIL		MAÍ		JÚNÍ		JÚLÍ	
1 M	Sumarfrí	1 L		1 M		1 F	Bangsadagur	1 L	Fullveldisdagurinn	1 Þ	Nýársdagur	1 F	Leikfangadagur Dagur stærðfræðinnar	1 F	Mislitir sokkar dagur	1 M		1 M	Verkalyösdagurinn	1 L		1 M	
2 F	Sumarfrí	2 S		2 Þ		2 F	Starfsdagur 1/1	2 S		2 M		2 L		2 L		2 Þ		2 F		2 S	Sjómannadagurinn	2 Þ	
3 F	Sumarfrí	3 M		3 M	Foreldraviðtöl á Stjörnudeild	3 L		3 M	Piparkökukaffi á Dropaðeild	3 F		3 S		3 S		3 M		3 F	Opið hús Búningadagur	3 M		3 M	
4 L		4 Þ		4 F	Foreldraviðtöl á Sólskinsdeild	4 S		4 Þ	Piparkökukaffi á Mánadeild	4 F	Ljósadagur	4 M		4 M	Bolludagur	4 F		4 L		4 Þ		4 F	
5 S		5 M		5 F	Leikfangadagur	5 M		5 M	Piparkökukaffi á Stjörnudeild	5 L		5 Þ		5 Þ	Sprengidagur	5 F	Hattadagur	5 S		5 M		5 F	
6 M	Frídagur verslunarmanna	6 F		6 L		6 Þ		6 F	Piparkökukaffi á Sólskinsdeild	6 S	Þrettándinn	6 M	Dagur leikskólans Starfsdagur 1/1	6 M	Öskudagur	6 L		6 M		6 F		6 L	
7 Þ	Sumarfrí	7 F	Í dag má komna með skólann það sem þér þykir vænt um	7 S		7 M		7 F	Flæði 10-11 Náttfatadagur Starfsdagur 14:00-17:00	7 M		7 F		7 F		7 S		7 Þ		7 F		7 S	
8 M	Sumarfrí	8 L	Dagur læsis	8 M		8 F	Baráttudagur gegn einelti	8 L		8 Þ		8 F		8 F		8 M		8 M		8 L		8 M	
9 F		9 S		9 Þ		9 F		9 S		9 M		9 L		9 L		9 Þ		9 F		9 S	Hvítasunnudagur	9 Þ	
10 F		10 M		10 M		10 L		10 M		10 F		10 S		10 S		10 M		10 F		10 M	Annar í hvítasunnu	10 M	
11 L		11 Þ		11 F		11 S		11 Þ		11 F	Starfsdagur 14:00-17:00	11 M		11 M		11 F		11 L		11 Þ		11 F	
12 S		12 M		12 F	Bleikur dagur	12 M		12 M		12 L		12 Þ		12 Þ		12 F	Flæði 10-11	12 S		12 M		12 F	
13 M	Aðlögun hefst	13 F		13 L		13 Þ		13 F		13 S		13 M		13 M		13 L		13 M		13 F		13 L	
14 Þ		14 F	Starfsdagur 1/1	14 S		14 M		14 F	Jólaball í sal	14 M		14 F		14 F		14 S	Pálmásunnudagur	14 Þ		14 F		14 S	
15 M		15 L		15 M		15 F		15 L		15 Þ		15 F	Flæði 10-11	15 F	Flæði 10-11	15 M		15 M		15 L		15 M	
16 F	Pytsupartý 15:30	16 S	Dagur íslenskrar náttúru	16 Þ	Foreldraviðtöl á Mánadeild	16 F	Flæði 10-11 Dagur íslenskrar tungu	16 S		16 M		16 L		16 L		16 Þ		16 F		16 S		16 Þ	
17 F		17 M	Foreldrafundur á Dropadeild	17 M		17 L		17 M		17 F		17 S	Konudagur	17 S		17 M	Páskaeggjaleit	17 F	Flæði 10-11	17 M	Lýðveldisdagurinn	17 M	
18 L		18 Þ	Foreldrafundur á Mánadeild	18 F		18 S		18 Þ		18 F	Flæði 10-11	18 M		18 M		18 F	Skírdagur	18 L		18 Þ		18 F	
19 S		19 M	Foreldrafundur á Stjörnudeild	19 F	Flæði 10-11	19 M		19 M	Leikrit	19 L		19 Þ		19 Þ		19 F	Föstudagurinn langi	19 S		19 M		19 F	
20 M		20 F	Foreldrafundur á Sólskinsdeild	20 L		20 Þ	Dagur mannréttinda barna	20 F		20 S		20 M		20 M	Starfsdagur 1/1	20 L		20 M		20 F		20 L	
21 Þ		21 F	Flæði 10-11	21 S		21 M		21 F	Spilerí í sal	21 M		21 F	Alþjóðardagur móðurmátsins	21 F		21 S	Páskadagur	21 Þ		21 F		21 S	
22 M	Börn flytja á milli deilda	22 L		22 M		22 F		22 L		22 Þ		22 F		22 F		22 M	Annar í páskum	22 M		22 L		22 M	
23 F		23 S		23 Þ		23 F		23 S	Þorláksmessa	23 M		23 L		23 L		23 Þ		23 F		23 S		23 Þ	
24 F		24 M		24 M		24 L		24 M	Aðfangadagur jóla	24 F		24 S		24 S		24 M		24 F	Sveitafærð 9:30 - 13:30 Starfsdagur 14:00-17:00	24 M		24 M	
25 L		25 Þ	Aðalfundur foreldrafélagsins	25 F		25 S		25 Þ	Jóladagur	25 F	Bóndadagur - Þorablót	25 M		25 M		25 F	Sumardagurinn fyrsti Umhverfisdagur	25 L		25 Þ		25 F	
26 S		26 M	Evrópski tungumáladagurinn	26 F	Fyrsti vetrardagur	26 M		26 M	Annar í jólum	26 L		26 Þ		26 Þ		26 F	Starfsdagur 1/1	26 S		26 M		26 F	
27 M		27 F	Foreldraviðtöl á Sólskinsdeild	27 L	Alþjóðlegi bangsadagurinn	27 Þ		27 F		27 S		27 M		27 M		27 L		27 M		27 F		27 L	
28 Þ		28 F		28 S		28 M		28 F		28 M	Foreldraviðtöl á Dropadeild	28 F		28 F		28 S		28 Þ		28 F		28 S	
29 M		29 L		29 M	Foreldraviðtöl á Dropadeild	29 F		29 L		29 Þ	Foreldraviðtöl á Mánadeild			29 F		29 M		29 M		29 L		29 M	
30 F		30 S		30 Þ		30 F		30 S		30 M	Foreldraviðtöl á Stjörnudeild			30 L		30 Þ		30 F	Uppstigningardagur	30 S		30 Þ	
31 F				31 M				31 M	Gamlársdagur	31 F				31 S				31 F				31 M	

Starfsáætlun 2018 – 2019

Grænaborg

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Fjalar Sigurðarson

Hanna Björk Valsdóttir

Sigríður Birna Valsdóttir

Um starfsáætlanir leikskóla

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 vinna leikskólar eftir aðalnámskrá fyrir leikskóla.

Samkvæmt henni vinnur hver og einn leikskóli upp sína skólanámskrá þar sem fram kemur á hvern hátt leikskólinn uppfyllir þau viðmið sem þar eru sett fram.

Leikskólar gera starfsáætlun þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en skóla- og frístundaráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, markmið, leiðir að markmiðunum áætlun um hvernig þau verða metin.
- Áherslur í starfsáætlun skóla- og frístundasviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Heildarfjöldi barna, og fjöldi barna sem njóta sérkennslu og barna af erlendum uppruna.
- Foreldraráð, foreldrafélag, foreldrafundir og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir árið.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:

Foreldraráð Grænuborgar hefur farið yfir Starfsáætlun Grænuborgar 2018 – 2019 og samþykkir hana. Við leikskólann Grænuborg starfar sérstaklega jákvætt og frjótt starfsfólk sem skapar þeim börnum sem skólann sækja hlýlegt, hvetjandi og skemmtilegt umhverfi.

Starfsáætlun leikskólans sýnir vel þann metnað sem stjórnendur skólans hafa. Innra mat skólans endurspeglar þennan metnað og við erum sérstaklega ánægð með hvernig eldri börnin á leikskólanum taka þátt í innra mati skólans og geta þannig haft áhrif á starfið í leikskólanum. Nú á t.d. að efla kennsu á sviði vísinda vegna áhuga barnanna og við viljum hrósa sérstaklega fyrir það. Áberandi er að börnunum líður vel í skólanum og eru ánægð með þau margvíslegu viðfangsefni sem þeim stendur til boða.

Við erum ánægð með að stefnt er að því að fjölga foreldraviðtölum aftur í tvö yfir árið og finnst gott að það kemur fram að þátttaka foreldra í viðburðum á leikskólanum er mikil. Við erum almennt mjög ánægð með upplýsingaflæði til foreldra en í starfsáætlun kemur fram að allar deildir leikskólans vinni með fjölgreindir og að þetta hafi verið skoðað sérstaklega á starfsdegi síðasta vetur og við viljum benda á að það mætti kynna betur fyrir foreldrum hvað kom út úr þeirri skoðun og hvernig er verið að nota fjölgreindirnar í starfinu.

Síðasta vetur fór fram ytra mat Reykjavíkurborgar og það er ánægjulegt að sjá að nær allir þættir höfðu hækkað frá síðustu könnun. Í starfsáætlun kemur þó fram að vinnuálag er enn mikið og að bregðast eigi við því með því að halda áfram að sækja um fækkun barna niður í 75 börn, við styðjum það að börnum á Grænuborg verði fækkað og vonum að brugðist verði við því. Eins fær starfsmannastöðugleiki ekki nógu háa einkunn og síðasta vetur var mikið rót á starfsmannahópnum, við fögnum því að í starfsáætlun kemur fram að þessi þáttur verður sérstaklega skoðaður í vetur og lögð áhersla á hrós og ánægju starfsmanna.

Við erum ánægð með að símenntun starfsmanna er haldið við, á starfsdögum komu fyrirlesarar og fræddu starfsfólk um líkamsvirðingu og útlitsdýrkun og um hinsegin mál og á komandi skólaári verður t.d. farið í að skoða upplýsingatækni í skólastarfi og skoða hvernig leikskólinn getur tileinkað sér hana betur t.d. með því að kaupa fleiri I-padda og öpp sem hæfa leikskólastarfi, við fögnum þessari þróun. Eins erum við ánægð með að stefnt er að því að efla læsisstefnu leikskólans í vetur.

Við viljum hrósa sérstaklega fyrir góða tengingu við nærumhverfi leikskólans, en farið hefur verið í margar ferðir þar sem listir og menning í nærumhverfi er nýtt til hins ýtrasta og eins var samstarf við Vinabæ, dagdeild fyrir aldraða á Vitatorgi mjög vel heppnað síðasta vetur og við fögnum því að það mun halda áfram í vetur.

Í leikskólanum er lögð áhersla á að börnin hafi tíma fyrir sjálfsprottin leik sem er ekki kennarastýrður, þar sem þau ákveða sjálf hvað þau vilja fást við. Það er sérstök áhersla á þetta í skólanum þar sem miðast er að því að efla sjálfsákvörðun, sjálfstæði og frumkvæði barnanna og þau hvött áfram til að lesa í umhverfið og nýta sér þann efnivið sem til er. Við erum sérstaklega ánægð með þessa áherslu í starfi skólans og að þessi þáttur verður áfram á umbótaáætlun skólans með áherslu á að alltaf verði til fjölbreyttur og hvetjandi efniviður fyrir öll börn.

Niðurstaða okkar er því að starfásætlun Grænuborgar sé í heild sinni vel útfærð og styður vel við það markmið að bæta gæði starfs á leikskólanum, hver deildarstjóri skilar einnig mjög finni greinargerð sem er upplýsandi fyrir foreldra. Einnig fögnum við nýjungum eins og auknu vísindastarfi og erum sérstaklega ánægð með að sífellt er verið að yfirfara leikföng, bækur og umhverfi barnanna með það að markmiði að það sé í takt við tímann.

Virðingafyllst,

Fjalar Sigurðarson

Hanna Björk Valsdóttir

Sigríður Birna Valsdóttir